

Nd.

359. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Nefnd sú, er háttv. neðri deild Alþingis skipaði til að athuga frumvarp þetta, hefir því miður eigi getað orðið sammála.

Minni hlutinn (Guðm. Eggerz) vill gera þá breytingu á frumvarpinu, að síldveiði með nót, sem um getur í 1. gr. frumvarpsins, verði látin heyra undir ákvæði 2. greinar, að því er til útsvarsskyldu kemur.

Þetta getur meiri hlutinn eigi fallist á, og með því hann telur þó nokkura rjettarbót í frumvarpinu, eins og það nú er, ef það yrði gert að lögum, en hins vegar hæpið, að það kæmist klaklaust gegnum efri deild, ef því yrði að nokkru breytt, þá ræður meiri hlutinn háttv. neðri deild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi 4. ág. 1914.

Matth. Ólafsson,
skrifari.

Skúli Thoroddsen,
nefndar-formaður.

Jón Jónsson.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Guðm. Eggerz,
með fyrirvara.

Þórarinn Benediktsson.

Hjörtur Snorrason.